


Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigrún Þorgeirsdóttir  
söngkona  
og  
Sara Kohane  
píanóleikari



20. og 22. ágúst 1991 kl. 20:30

**Sigrún Þorgeirsdóttir** sópransöngkona ólst upp í Boston og á Seltjarnarnesi. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1984 og B. S. prófi í efnafræði frá Háskóla Íslands þremur árum síðar. Jafnframt stundaði hún söngnám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Sieglinde Kahmann og lauk áttunda stigi vorið 1988. Þá um haustið hóf hún söngnám við Boston University og lauk þaðan Master of Music prófi í söng síðastliðið vor. Aðalkennari hennar þar var Mary Davenport. Sigrún hefur komið fram sem einsöngvari með Dómkórnum í Reykjavík og Mótettukór Hallgrímskirkju, en þetta eru fyrstu sjálfstæðu tónleikar hennar hér á landi.

**Sara Kohane** píanóleikari er frá New Jersey í Bandaríkjunum. Hún lauk Bachelor of Music prófi í píanóleik frá University of Michigan þar sem kennarar hennar voru Charles Fisher og Martin Katz. Frá Boston University lauk hún Master of Music prófi sem undirleikari fyrir söngvara undir handleiðslu Allen Rogers. Sara Kohane hefur margoft komið fram sem einleikari, á kammermúsíktónleikum og sem undirleikari og hefur unnið til margra verðlauna. Hún hefur verið aðalsöngþjálfari við sumarskóla Boston University í Tanglewood og fastráðinn kennari og undirleikari við söngdeild Bostonarháskóla. Sara er jafnframt undirleikari Pro Musica og Zamir kóranna í Boston.

## Efnisskrá

G.F. Händel (1685 - 1759)	Dammi pace ( <i>A. Piovene</i> ) Ombra mai fu ( <i>N. Minato</i> ) Bel piacere ( <i>úr Agrippina</i> )
J. Brahms (1833 - 1897)	Wie Melodien zieht es mir ( <i>K. Groth</i> ) Wenn du nur zuweilen lächelst ( <i>Daumer</i> ) Och Moder ich well en Ding han Alte Liebe ( <i>K. Candidus</i> ) Meine Liebe ist grün ( <i>F. Schumann</i> )
E. Grieg (1843 - 1907)	Med en Primulaveris ( <i>J. Paulsen</i> ) En Svane ( <i>H. Ibsen</i> ) Jeg elsker dig ( <i>H. C. Andersen</i> )
Sigfús Einarsson (1877 - 1939)	Draumalandið ( <i>Guðmundur Magnússon</i> )
Árni Thorsteinsson (1870 - 1962)	Nótt ( <i>Magnús Gíslason</i> )
Sigvaldi Kaldalóns (1881 - 1946)	Þú eina hjartans yndið mitt ( <i>Guðmundur Geirdal</i> )
Sigurður Þórðarson (1895 - 1968)	Vögguljóð ( <i>Benedikt Þ. Gröndal</i> )
Sigvaldi Kaldalóns	Vorvindur ( <i>Ragnar Ásgeirsson</i> )
A. Dvorak (1841 - 1904)	Úr Sígaunaljóðum Má písen zas Aj! Kterak trojhranec muj Kdyz mne stará matka Siroke rukávy Dejte klec jestrábu

Ljóð mitt ómar líka af ást  
þegar stormar næða  
og þegar bróðir minn hlýtur lausn  
og varpar öndinni í hinna sinn.

2

Hæ, hó, hvað þrífhornið  
gellur frábærlega.  
Eins og söngur sígauna  
þegar haldið er í dauðann.

Þegar gjallandi þrífhornsins  
fylgir mér í dauðann,  
þá er úti um söng og dans  
til eilífðarmóns.

Söng, dans og ástir  
fyrir fullt og allt.

4

Hún móðir mín gamla  
kenni mér að syngja.  
Undarlegt að augu hennar  
skyldu fyllast tárur.

Og nú væta tárin  
brúna vanga mína  
þegar ég kenni krökkunum  
að syngja og spila.

6

Í vöðu og svölu  
og flakandi hörklæði  
er sígauninn frjálfsari  
en í gulli og silki.

Húsarajakinn gullsnúraði  
þrengir að brjóstinu.  
Maður nær ekki andanum  
og syngur engan flökkusöng.

Sá sem grípur gleðina  
í sveiflum söngsins  
óskar öllu gulli  
veg allrar veraldar.

7

Haukurinn á sér hreiður  
hátt í klettum.  
Hann líti ekki við  
búri úr skragulli.

Folaldið villta er frjálst  
á ferð sinni á heiði.  
Það yndi sér aldrei  
við beizli og taum.

Eins hefur náttúran  
gefið sígaunanum það  
að hann fagnar frelsinu  
alla ævi sína.

## Þýðingar

### Dammi pace

Gef mér frið, ó elskaða andlit og foreldrið mun fá frið,  
reiði þín sé sefuð af kvölinni sem ég hef í hjartanu.

### Ombra mai fu

Jafnvel skuggar greina þinna eru ferskir og bláir.

### Bel piacere

Sælt er að njóta,  
að njóta sannrar ástar!  
Það færir hjartanu fró.  
Glæsileiki er ekki mældur eftir fegurð,  
ef hún kemur ekki frá sönnu hjarta.

### Wie Melodien zieht es mir

Sem ljúfir söngvar lifur það gegnum huga mér,  
eins og vorblóm blómstrar það og svífur sem ilmur á braut.  
En vilji orðið binda það og gera auganu sýnilegt,  
þá fólnar það eins og þokugrámi og hverfur eins og andvarinn.  
En samt sem áður leynist í ljóðinu hulinn ilmur,  
sem leitar fram úr kyrru kími þegar táravott auga vekur hann.  
(Þýð. Reynir Axelsson)

### Wenn du nur zuweilen lächelst

Ef þú aðeins brosir öðru hvoru og kælir þannig ofurlitúð  
þessa ómælanlegu glóð, þá skal ég búa þolinmóður og leyfa þér  
að gera allt það sem veidur ástinni sársauka.

(Þýð. Reynir Axelsson)

### Och Moder ich well en Ding han

Stelpa segir móður sinni að hún hafi eina ósk - aðeins eina ósk. Móðirin spyr hvað það geti verið og býður henni fyrst brúðu, næst hring og síðan kjól. Alltaf gefur stelpan sama svar: góð móðir á að vita hvað barnið vill. Loks dettur móðurinni í hug að bjóða henni mann. Já, það vill hún og segir að það sé góð móðir sem viti hvað barnið vill!

### Alte Liebe

Svalan dökka snýr heim úr fjarlægum landi.  
Frómir storkar koma boðberar nýrrar hamingju.  
Pennan svefnhöfða og hlýja vormorgun er sem ég skynji aftur gamlan ástarharm.  
Það er sem létt sé bært við öxl mér,  
sem heyrir ég þyt af vængjablaki dífú.  
Knútið er dyra og þó er enginn þar.  
Berst mér blómailmur en blómrunn engan sé.  
Úr fjarska finnst mér kallað, auga fylgist með mér.  
Mig hrífur gamall draumur og ber mig á braut.

### Meine Liebe ist grün

Ást mín er græn eins og yllirunninn og ást mín er fögur eins og sólin,  
sem hellir geislum sínum á yllirunnann og fyllir hann ilmi og sælu.  
Sál mín hefur vængi næturgalans og vaggar sér í blómstrandi yllinum  
og fagnar og syngur, ölvuð af ilminum, fjölda ástarþrunginna söngva.  
(Þýð. Reynir Axelsson)

### Med en Primulaveris

Þú indæla barn vorsins taktu fyrsta vorblómið  
og kastaðu því ekki frá þér,  
þótt þú vitir að rósir sumarsins séu á næsta leiti.  
Sannarlega er sumarið bjart og fallegt og haust lífsins auðugt.  
Vorið er þó það dásamlegasta í ástríðuhita sínum.

Þar sem við erum ennþá umvafin ljóma vorsins skaltu taka blóm mitt  
og gefa mér hjarta þitt í staðinn.

### En Svane

Svanur minn hvíti, hljóði og þögli;  
hvorki kvak né kliður gáfu til kynna að þú syngir.  
Áhyggjufullur verndandi álfinn sem sefur  
sflustandi leiðst þú yfir vatnsflötinn.  
En við lokafundinn þegar eiðar og augu voru leyndar lygar,  
já, þá hljómaði söngurinn!  
Er tónarnir fæddust var för þinni lokið.  
Þú söngst í dauðanum; - þú varst að sönnu svanur!  
(Þýð. Reynir Axelsson)

### Jeg elsker dig

Þú ert orðin öll mín hugsun,  
þú ert fyrsta ást hjarta míns,  
ég elska þig sem enga aðra hér á jörðu,  
ég elska þig um tíma og eilífð.  
(Þýð. Reynir Axelsson)

### Úr Sígannaljóðum

1

Ljóð mitt ómar, ástaróður,  
þegar kvöldið tekur  
og mosinn og gulnað grasið  
teygja daggardropa.

Ljóð mitt ómar af ferðahug  
þar sem við flökkum um heiminn.  
Á ómælisléttunni einni saman  
læt ég gleðisöngva gjalla.